

Fundargerð 217. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarsstaður: Þingborg
Fundardagur: miðvikudagur 3. apríl 2019
Fundartími: 11:00 – 16:15
Fundarmenn: Hrafnkell Guðnason
Rósa Matthíasdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Stefán Geirsson varamaður Árna Eiríkssonar
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri
Guðmundur Daníelsson undir lið 6
Olivera Ilic og Georg Pálsson frá Landsvirkjun undir lið 10

Hrafnkell Guðnason setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við lið nr. 10, Kynningu Landsvirkjunar á starfsemi fyrirtækisins á Suðurlandi. Aðrir liðir færast aftar sem því nemur. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Frestað mál – Vestri Loftsstæðir - Breyting á aðalskipulagi, þjónustusvæði

Á 199. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 07.03.2018 var eftirfarandi bókað varðandi umsókn eigenda Vestri - Lofsstaða uppbygging ferðaþjónustu - afmörkun byggingarreits fyrir tjöld og þjónustuhús í landi Vestri Loftsstæða.

Skipulagsnefnd bókar um málið á 151. fundi dags. 22.02.2018 og gerir ekki athugasemd við nýja staðsetningu á tjöldum og þjónustuhúsi en telur að forsenda uppbyggingarinnar sé að aðalskipulagi svæðisins verði breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Ákvörðun um hvort breyta eigi aðalskipulagi svæðisins er vísað til sveitarstjórnar Flóahrepps. Sveitarstjórn Flóahrepps frestaði afgreiðslu málsins og óskaði eftir fundi með umsækjendum þar sem farið var yfir forsendur umsóknarinnar. Fram kom að á svæðinu er fyrirhugað að bjóða upp á tjaldstæði og þjónustu vegna þess.

Sveitarstjórn samþykkir erindi umsækjanda að því gefnu að sótt verði um breytingu á aðalskipulagi svæðisins þannig að landnotkun verði breytt úr landbúnaðarnotum í svæði fyrir verslun og þjónustu. Skipulagsfulltrúa falið að vinna gögn vegna aðalskipulagsbreytingarinnar og leggja fyrir fund skipulagsnefndar Uppsveita.

Samþykkt með 5 atvæðum.

2. Frestað mál frá SF_215 Hróarsholt spilda F1 L197221 – Malarnáma – fyrirspurn

Frestað mál frá SF_215 og frestað mál frá SF_216.

Fyrir liggur samþykki skipulagsnefndar Uppsveita á að gerð verði breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 vegna fyrirspurnar Magnúsar Ingibergs Jónssonar um að færa inn í skipulagið malarnámu til vinnslu á allt að 49.000 m³ og 2,4 ha að stærð.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestaði afgreiðslu á erindinu á 215. fundi sveitarstjórnarinnar en óskaði eftir fundi með umsækjanda og eiganda að landspildunni. Umsækjandinn mætti á 216. fund sveitarstjórnarinnar og svaraði fyrirspurnum varðandi málið en sveitarstjórn Flóahrepps frestaði afgreiðslu málsins. Vegagerðin hefur svarað fyrirspurnum Flóahrepps varðandi gæði efnis sem talið er standast kröfur, en óljóst er hversu mikið magn sé um að ræða.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Í Aðalskipulagi Flóahrepps gilda reglur um efnistöku í Flóahreppi. Í þessum reglum kemur meðal annars fram að þegar efnistökusvæði er valið þurfi að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efni til þess sem þar er best til fallið. Sömu reglur segja einnig að efnistökusvæði skuli vera lítt sýnilegt frá fjölförnum stöðum, sérstaklega ef efnistökusvæðið verður opið í einhvern tíma.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur sig vanta gögn varðandi útfærslu, skipulag, áætlun um efnistöku og frágang. Erindinu er því hafnað á þeim forsendum. Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Fundargeð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 173, dags. 13.03.2019

a) Mosató 1 L226312; Hnaus II Frístundabyggð: Breytt notkun í íbúðarbyggð: Aðalskipulagsbreyting – 1902058

Lögð fram tillaga Landform dags. 26.02.2019 að óverulegri breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029, sem felur í sér breytta landnotkun lóðarinnar Mosató 1 L226312, úr landi Hnauss 2 í Flóahreppi. Breytingin felur í sér að landnotkun lóðarinnar er breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð.

Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki að gerð verði óveruleg breyting á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ekki er talin þörf á grenndarkynningu og hefur breytingin engin umhverfisleg áhrif sem geta talist veruleg. Skipulagsfulltrúa er falið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, að senda tillöguna Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu Landforms að óverulegri breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 -2029 sem felur í sér að breyta landnotkun lóðarinnar Mosató 1 L226312 úr landi Hnauss úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram skv. bókun skipulagsnefndarinnar hér á undan. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Grænhólar lóð 1 lnr. 218185: Íbúðarhús, skemma og gistihús Lögbýli Deiliskipulag – 1708017

Lögð fram að lokinni kynningu (frá 20. febrúar til 6. mars 2019) skv. 4 mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga og umhverfisskýrsla að deiliskipulagi 9,8 ha spildu í Grænhólum í Flóahreppi, þar sem gert er ráð fyrir að byggja íbúðarhús, skemmu og allt að þrjú lítil gistihús, auk þess að stofna lögbýli á landsspildunni. Fyrir liggja umsagnir frá Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029, þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland og verslunar- og þjónustusvæði, V18.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki tillöguna og mælist til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu 9,8 ha spildu í Grænhólum sem er lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis á umræddri spildu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Merkurhraun 10 L207338: Byggingar á lóð: Fyrirspurn – 1903022

Margrét Ólafsdóttir leggur fram fyrirspurn til skipulagsnefndar vegna byggingarmagns á 5000 m² lóð Merkurhrauni 10 L207338, í Flóahreppi. Þar sem lóðin er ekki á skipulögðu svæði er óskað eftir að fá leyfi til að reisa allt að 150 m² hús á tveimur hæðum auk geymsluskúrs.

Skipulagsnefnd mælist til að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi að undangenginni grenndarkynningu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndarinnar með 5 atkvæðum

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19 – 96 – 1903001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 06.03.2019.

4. Fundargeð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 174, dags. 27.03.2019

a) Laugardætur land L206114: Austurvegur 69 d; Stofnun lóðar

Lögð fram umsókn Eflu hf. dags. 18.02.2019, um stofnun 1.971 m² lóðar úr landinu Laugardætur land L206114. Gert er ráð fyrir að lóðin fái heitið Austurvegur 69d og er aðkoman að henni um lóðina Austurvegur 69.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun né heiti lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun 1.971 m² lóðar úr landinu Laugardælur land L206114. Ekki er gerð athugasemdi við heiti lóðarinnar Austurvegur 69d eða umrædd landskipti.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19 - 95 - 1902003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 20.03.2019.

5. Erindi frá Rósu Matthíasdóttur og Sigurði Inga Sigurðssyni – upplýsingagjöf til sveitarstjórnarmanna.

Lagt fram erindi frá Rósu Matthíasdóttur og Sigurði Inga Sigurðssyni þar sem gerð er athugasemd við að íbúar sveitarfélagsins hafi fengið aðgang að meiri upplýsingum en sveitarstjórnarmenn varðandi efniskaup Flóaljóss.

Erindi: Varðar upplýsingagjöf til tiltekinna sveitarstjórnarmanna.

Við undirrituð sveitastjórnarmenn, Rósa Matthíasdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson höfum gögn undir höndum sem ekki hafa verið kynnt í sveitarstjórn. Um er að ræða kærú Árna Hrólfssonar til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Kæran laut að aðgengi að niðurstöðum tilboða í efniskaup vegna Flóaljóss.

Furðu sætir að undirritaðir hafi ekki verið upplýstir um málið, sem gerir það að verkum að íbúi í sveitafélaginu hefur meiri upplýsingar en undirritaðir sveitastjórnarmenn. Óskað er eftir skýringum hvers vegna undirrituðum voru ekki kynnt umrædd gögn.

Rósa Matthíasdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson

Úrskurðarnefnd Upplýsingamála hefur í framhaldi af beiðni Árna Hrólfssonar kallað eftir upplýsingum vegna verðkönnunar vegna efniskaupa Flóaljóss. Sveitarstjóra var með samþykki 4 sveitarstjórnarmanna af 5, (fleiri svöruðu ekki beiðni um heimild til þess) falið að afgreiða erindi, beiðni um upplýsingar, sem barst í janúar frá Úrskurðarnefndinni dags. 15. janúar 2019. Í samráði við oddvita, formann stjórnarinnar, var óskað eftir aðstoð lögfræðings sveitarfélagsins við flokkun gagna og við að svara fyrirspurn Úrskurðarnefndar upplýsingamála.

Engar upplýsingar hafa verið afhentar sem ekki hafa verið kynntar sveitarstjórn Flóahrepps og lágu til grundvallar ákvörðun sveitarstjórnarinnar um að fela verkefnisstjóra innkaup á efni frá 5 aðilum að lokinni yfirferð á innsendum upplýsingum að lokinni verðkönnun. Flóahreppi hafa ekki ennþá borist upplýsingar um afgreiðslu nefndarinnar á umræddu erindi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Flóaljós:

a) – upplýsingagjöf

Guðmundur Daniélfsson verkefnisstjóri kynnti stöðu verkefnisins og samanburð við kostnaðar- og tímaáætlun. Verkefnið stenst bæði tíma og kostnaðaráætlun og gert er ráð fyrir að lokið verði við síðustu tengingarnar um miðjan júlí eins og áætlað var. Um miðjan maí er áætlað að tengimiðja verði tilbúin og þá mögulegt að bjóða íbúum 1,2,3,4,5,7 og 8 að tengjast ljósleiðarakerfinu. Ákveðið að bjóða fjarskiptafyrirtækjum að kynna áskriftarleiðir og þjónustu sína. Fyrir liggur tillaga um samkomulag vegna tenginga í Árborg sem liggja vel að lagnakerfi Flóaljóss, Hólar, Hólaborg, Baugstaðir 3 og Baugstaðir 5. Fyrir liggur samþykki sveitarfélagsins Árborgar á eingreiðslu kr. 4,3 milljónir króna til Flóahrepps sem annaðist þá umsjón vegna tenginga þessara bæja. Sveitarfélagið Árborg annast umsókn til Fjarskiptasjóðs vegna þessara tengistaða. Mánaðarleg afnotagjöld samkvæmt gjaldskrá verða innheimt af notendum eins og um notendur í Flóahreppi væri að ræða.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að bæta þessum aðilum við kerfi Flóaljóss.

b) – samningur um styrkúthlutun 2019

Lagður fram samningur Fjarskiptasjóðs kt. 530306-0110 og Flóahrepps kt. 600606-1310 um styrkveitingu vegna uppbyggingar ljósleiðarakerfis í sveitarfélaginu. Fjárhæð styrksins vegna ársins 2019 gerir ráð fyrir 10.720 þúsund króna viðbótarframlagi Fjarskiptasjóðs og sambærilegri upphæð á árinu 2020 og 2021 með fyrirvara um fjárlög hvers árs. Gerður er fyrirvari um lækkun framlags ef frávik frá fjölda tengdra staða er yfir 5 % frá áætluðum fjölda. Sveitarstjórn staðfestir samninginn með 5 atkvæðum.

7. Leiðrétt bókun vegna lántöku Héraðsnefndar Árnessýslu – Byggðasafn

Húsnaðismál Byggðasafns Árnesinga

Bókun vegna lántöku Héraðsnefndar frá 216. fundi sveitarstjórnar er hér með leiðrétt.

„Stjórn Héraðsnefndar Árnesinga fyrir hönd stjórnar byggðasafns Árnesinga óskar eftir heimild Flóahrepps til lántöku vegna kaupa á húsnaði fyrir starfsemi safnsins. Fyrir liggur samþykkt tilboð í eignina Búðarstíg 22 og endurbóta á því.

Fyrir liggur ákvörðun sveitarstjórnar um að veita stofnun/félagi sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarfélagið Flóahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku stofnunar Héraðsnefndar Árnesinga, Byggðasafni Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100.000.000 kr. til allt að 15 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafni Árnesinga.

Sveitarfélagið Flóahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá kaupum á húsnaði Byggðasafnsins á Eyrabakka og endurbótum þess sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Flóahrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafns Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktar stofnunar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Sveitarfélagið Flóahreppur selji eignarhlut í Byggðasafni Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Sveitarfélagið Flóahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Eyðísi Þ. Indriðadóttur kt. 070560-2759, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Sveitarfélagsins *Flóahrepps* veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.“

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi

Lagðar fram til fyrri umræðu endurskoðaðar samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi. Sveitarstjóra falið að gera lagfæringar miðað við ábendingar fundarins.

Vísað til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Samþykktir um fráveitu og seyrulosun í Flóahreppi

Lagðar fram til fyrri umræðu samþykktir um fráveitu og seyrulosun í Flóahreppi.

Vísað til síðari umræðu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Kynning á starfsemi Landsvirkjuna á Þjórsársvæðinu.

Olivera Ilic og Georg Pálsson mættu til fundarins og kynntu starfsemi Landsvirkjunar.

11. Erindi frá Jafnréttisstofu – jafnréttisáætlun Flóahrepps

Lagt fram erindi frá Jafnréttisstofu. Samkvæmt 2. mgr. 12 grein laga um jafna stöðu kvenna og karla skulu sveitarstjórnir setja sér jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Í erindinu er óskað eftir því að Flóahreppur afhendi Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins ásamt framkvæmdaáætlun.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að uppfæra áætlun sveitarfélagsins sem samþykkt var 02.12.2015 í samræmi við umræður fundarins. Gildistími áætlunar verður til ársins 2022

Samþykkt með 5 atkvæðum

12. Erindi frá Íbúðalánasjóði – Húsnaðisáætlun Flóahrepps

Lagt fram erindi frá Íbúðarlánasjóði þar sem óskað er eftir skilum á húsnaðisáætlun Flóahrepps. Skv. reglugerð 1248/2018 skal uppfæra áætlunina árlega.

Sveitarstjóra falið að senda upplýsingar til Íbúðalánasjóðs um að Húsnaðisáætlun Flóahrepps sem gildir til 2025 hafi veri yfirfarin og ekki verði gerðar breytingar á henni að svo stöddu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Til umsagnar:

- a) **Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum 90. mál**
Lagt fram til kynningar.
- b) **Frumvarp til laga um fiskeldi 647. mál**
Lagt fram til kynningar.
- c) **Frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 639. mál**
Lagt fram til kynningar.
- d) **Frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð 710. mál**
Lagt fram til kynningar.
- e) **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana og fikniefni, 711. mál**
Lagt fram til kynningar.

14. Erindi frá Útlendingastofnun

Í erindinu er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnarinnar til þess að gera þjónustusamning við stofnunina er snýr að félagslegri þjónustu og stuðningi við umsækjendur um alþjóðlega vernd, á meðan þeir bíða niðurstöðu vegna umsóknar sinnar. Meðfylgjandi er fyrirmynd að samningi milli Hafnarfjarðarbæjar og Útlendingastofnunar.

Sveitarstjórn hefur ekki hug á að nýta sér þetta tilboð og hafnar erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi frá Búnaðarsambandi Suðurlands – styrkbeiðni

Sveitastjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

16. Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019 – Geymsla Krakkaborg

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna viðbyggingar við geymslu við Krakkaborg. Viðaukinn gerir ráð fyrir aukinni fjárfestingu upp á 5,9 milljónir króna.

Viðaukinn hefur ekki áhrif á rekstur og er fjárfestingunni mætt með lækkun á eigin fé.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðauka I við fjárhagsáætlun ársins 2019 með 5 atkvæðum

Viðaukinn staðfestur með undirritun sveitarstjórnar.

17. Flóaskóli – kostnaðaráætlun

Lögð fram skýrsla Verkís verkfræðistofu – Ástands og kostnaðarmat vegna viðgerða á Flóaskóla vegna mygluskemmda. Áætlunin gerir ráð fyrir 1,3 - 1,5 milljón króna kostnaði vegna viðgerða á húsnæði skólavistunar að undanskildum viðgerðum á gólfum en 33 milljón króna kostnaði vegna ákveðinna viðgerðar á stjórnunarálmum og kjallara í elsta hluta skólans. Sveitastjórn Flóahrepps felur umsjónarmanni fasteigna að gera verðkönnun vegna viðgerða á húsnæði skólavistunar útfrá fyrirliggjandi úttekt og skila inn kostnaðaráætlun á grundvelli könnunar. Viðauki vegna verkefnisins verður lagður fyrir fund sveitarstjórnar í maí.

Sveitarstjórn óskar eftir fundi með formanni fræðslunefndar og skólastjóra Flóaskóla vegna niðurstöðu úttektarinnar eins fljótt og mögulegt er.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Stóru Reykir, tilgreining lögheimila nafnabreyting

Lagt fram erindi frá eigendum Stóru Reykja vegna tilgreiningar á lögheimili og nafnabreytinga. Óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna breytingar á nafninu „Stóru Reyki lóð“ í Stóru Reykir og breytingu á nafninu „Stóru Reykir“ í Stóru Reykir II.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið og gerir ekki athugasemdir við nöfnin Stóru Reykir og Stóru Reykir II. Samþykkt með 5 atkvæðum.

19. Sviðugarðar lóð lögheimili – nafnabreyting

Lagt fram erindi Hildar Bjarnadóttur og Olafs Sveins Gíslasonar þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar vegna breytingar á nafninu Sviðugarðar lóð Landnúmer 221679 í nafnið Þúfugarðar

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við nafnið Þúfugarðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

20. Minkaeýðing – fyrirsögn

Lögð fyrir fundinn fyrirsögn frá Emil Haraldssyni sem hefur áhuga á að gera samkomulag við sveitarfélagið um eyðingu á minnk í Flóahreppi. Afgreiðslu á erindinu frestað og sveitarstjóra falið að leita upplýsinga hjá nágrennasveitarfélögum um fyrirkomulag á minnkayeýðingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

21. Erindi frá Bjarna Guðmundssyni f.h. SASS – Úrgangsmál og meðferð úrgangs á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra SASS þar sem óskað er eftir upplýsingum varðandi sorphirðu í Flóahreppi s.l. 10 ár. Einnig er óskað eftir því að tilgreindur verði tengiliður Flóahrepps við verkefnisstjóra áhersluverkefnisins „Úrgangsmál og meðferð úrgangs á Suðurlandi“

Tengiliður Flóahrepps verður sveitarstjóri og sveitarstjóra falið að svara erindinu og senda umbeðnar upplýsingar á verkefnisstjóra.

22. Erindi frá Netgjöfum – fyrirspurn

Fyrirspurn til sveitarstjórnar Flóahrepps um hvort sveitarfélagið eigi lóð til smærri atvinnurekstrar. Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar áhuga á atvinnuuppbyggingu en ekki eru eins og staðan er nú, til skipulagðar lóðir í eigu Flóahrepps sem henta starfsemi sem fyrirtækið Netgjafir fyrirhugar að koma á fót.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

23. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

a) Til sveitarstjórnar Flóahrepps vegna áætlana um miklar fjárfestinga árið 2019

Lagt fram erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Við yfirferð nefndarinnar á fjárhagsáætlun ársins er bent á að fjárfesting ársins vegna Flóaljóss árið 2019 er yfir 20 % af skatttekjum sveitarfélagsins á yfirstandandi reikningsári, sem nefndin bendir á að kalli á skil á sérstöku mati á fjárfestingunni. Einnig lögð fyrir fundin drög að svari til eftirlitsnefndarinnar. Sveitastjóra falið að svara erindinu á grundvelli þess.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Til sveitarstjórna vegna almenns eftirlits með fjármálum og fjármálastjórn sveitarfélaga

Lagt fram erindi til sveitarfélaga frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem lögð er áhersla á að almennt eftirlit með því að fjármál sveitarfélaga sé í samræmi við lög og reglur. Í erindinu kemur fram að í lok ársins 2019 mun nefndin kalla eftir upplýsingum um framgang og eftirlit með framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019 og samanburði þeirra við fjárhagsáætlun ársins 2019. Kallað verður eftir upplýsingu um framkvæmd viðauka þar sem það á við. Óskað verður eftir upplýsingum um framangreinda þætti fyrir hvern aðgreindan ársfjórðung ársins og verður það nánar tilgreint í lok árs 2019. Markmið með upplýsingaöfluninni er að kanna hvernig sveitarfélög standa að eftirliti og framkvæmd með fjárfestingum sínum samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun ársins 2019 ásamt viðaukum. Sveitarstjórn Flóahrepps brýnir fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins að sinna eftirliti og upplýsingagjöf varðandi einstakar framkvæmdir og samanburð við fjárhagsáætlun ársins 2019. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ekki sé vikið frá gildandi fjárhagsáætlun án þess að fyrir liggja samþykki sveitarstjórnarinnar og undirritaður viðauki þar sem fram koma áhrif viðaukans á rekstur sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

24. Áform fjármálaráðherra og ríkisstjórnar um skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga – bókun sveitarstjórnar Flóahrepps

Sveitarstjórn Flóahrepps mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 3,3 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu.

Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er um 505 millj.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 millj.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflokks.

Árið 2015 voru samþykktar leiðréttingar á framlögum til málefna fatlaðra sem námu um 1,5 milljarði króna. Sú niðurstaða var samkomulag sem byggði á löngu og ítarlegu samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Að þurrka nánast út með einu pennastriki þann árangur sem þá náðist

er í hróplegu ósamræmi við það samstarf við ríkið sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í að styrkja á liðnum áratug.

Einhlíða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarþrest gagnvart sveitarfélögunum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað.

Samþykkt með 5 atkvæðum

25. Starfslýsingar - uppfærðar

a) Fyrir bókkara Flóahrepps

Lögð fram starfslýsing fyrir bókkara/launafulltrúa Flóahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi starfslýsingu með 5 atkvæðum.

b) Fyrir ritara Flóahrepps

Lögð fram starfslýsing fyrir ritara/gjaldkera Flóahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi starfslýsingu með 5 atkvæðum.

c) Fyrir hús vörð í Þingborg

Lögð fram starfslýsing fyrir bókkara/launafulltrúa Flóahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi starfslýsingu með 5 atkvæðum.

26. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

27. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 216, dags. 06.03.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 21.03.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Æskulýðs- og tómsfundanefndar Flóahrepps nr. 40, dags. 18.03.2019

Lögð fram fundargerð æskulýðs- og tómsfundanefndar Flóahrepps þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar vegna liða nr. 2, 5 og 8.

Liður nr. 2. „Rætt um að kostur væri að nýta aðstöðuna í Þjórsárveri betur fyrir litla viðburði innansveitar. T.d. bekkjarkvöld, afmælisveislur o.s.frv.

Þrifum í Þjórsárveri er mjög ábótavant og mikill skortur er á viðunandi umgengni og viðhaldi í húsinu. Eignarhald á munum og tækjum sem eru í Þjórsárveri er á margra höndum og mikil þörf á yfirumsjón og almennri húsvörslu. Skorar Æskulýðs- og tómsfundanefnd á sveitarstjórn Flóahrepps að bæta úr þessum málum.”

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og tekur að sér að skoða þessi mál.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Liður nr. 5. “Innkaup í mötuneytum Flóahrepps.

Í kjölfar umræðu um sýklalyfjaónæmar bakteríur í innfluttu kjöti og ráðlegginga lækna og sérfræðinga um þetta málefni, óskar Æskulýðs- og tómsfundanefnd eftir upplýsingum um innkaupastefnu í mötuneytum sveitarfélaganna. Hvaðan er verið að versla hráefni í matinn sem börn og unglingar sveitarfélagsins fá að borða í mötuneytum skólanna.

Nefndin hvetur sveitarstjórn til að beita sér fyrir því að mörkuð verði innkaupastefna þar sem áhersla er lögð á íslenskt hráefni. Einnig að semja við bændur á svæðinu um innkaup á kjöti og grænmeti til að minnka kolefnisfótspor okkar í matarinnkaupum.”

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og hvetur starfsmenn til þess að snúa sér til íslenskra framleiðenda við innkaup fyrir sveitarfélagið.

Liður nr. 8. „Varamenn í Æskulýðs- og tómsfundanefnd.

Tvo varamenn vantar í nefndina vegna breyttra aðstæðna fyrri varamanna. Gott væri að fá þá skipaða sem fyrst.”

Ekki liggur fyrir hvaða varamenn hafa hætt störfum og er kallað eftir upplýsingum um það til þess að listarnir geti tekið ákvörðun um endurskipun varamanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Stjórnar Byggðasamlags UTU, nr. 59, dags. 27.02.2019

- Var afgreidd á 216. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps
- e) **Stjórnar UTU nr. 60, dags 08.03.2019**
Lögð fram fundargerð 60. fundar stjórnar UTU.
Til staðfestingar sveitarstjórnar er liður nr. 2. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að starfsemi tæknisviðshluta Umhverfis og tæknisviðs Uppsveita bs verði hætt og samþykktir Umhverfis- og tæknisviðs verði endurskoðaðar með tilliti til kostnaðarskiptingar aðildarsveitarfélaganna.
Samþykkt með 5 atkvæðum og fundargerðin staðfest.
- f) **Stjórnar UTU nr. 61, dags. 27.03.2019**
Lögð fram fundargerð 61. fundar stjórnar UTU. Til staðfestingar er liður nr. 2. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að gerðar verði þær breytingar innan starfsmannahóps UTU bs. að Davíð Sigurðsson verði byggingarfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. en Rúnar Guðmundsson verði áfram skipulagsfulltrúi embættisins og byggingarfulltrúi í forföllum Davíðs Sigurðssonar.
Fundargerðin staðfest.
- g) **Almannavarnarnefndar Árnassýslu nr. 2 dags. 21.02.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 192 dags. 18.03.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Aðalfundar Bergrisans bs. dags. 18.01.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 278, dags. 11.03.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Stjórnar SASS nr. 544, dags. 01.03.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 869, dags. 15.03.2019**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

28. Efni til kynningar:

- a) **Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands - Eftirlit í Flóaskóla**
- b) **Frá Mannvit verkfræðisstofu - Ráðgjöf til sveitarfélaga á sviði sjálfbærni og umhverfismála**
- c) **Frá Vinnumálasstofnun – vegna háskólamenntaðra atvinnuleitenda**
- d) **Frá Skipulagsstofnun – samráðs vettvangur um landskipulagsferli**
- e) **Frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða – synjum umsókna**
- f) **Frá Minjastofnun Íslands – synjun umsókna vegna Gömlu Þingborgar**
- g) **Frá Kærunefnd útboðsmála – úrskurður í máli nr. 17/2018**
- h) **Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga**
- i) **Afrit af undirskriftarlista til Vegagerðar frá íbúum við Önundarholtsveg nr. 311**
Sveitarstjórn Flóahrepps fjallar um slæmt ástand vega í Flóahreppi á hverju ári og kemur ábendingum þar um á framfæri við Vegagerðina og þingmenn kjördæmisins. Alltaf er lögð áhersla á að brýnna úrbóta sé þörf. Samgöngunefnd SASS vinnur nú úr upplýsingum frá sveitarstjórn um ástand vega í Flóahreppi með það að markmiði að forgangsraða verkefnum. Afrit af undirskriftarlistanum ásamt erindi íbúa við Önundarholtsveg verður sent á Samgöngunefnd Sass til þess að ítreka þær upplýsingar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- j) **Verkefni sveitarstjóra í mars 2019**
- k) **Tímasetning næsta sveitarstjórnarfundar**
Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 7. maí klukkan 8:30.

Stefán Geirsson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)